



Reykjavíkurborg

mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Reykjavík, 1. október 2021

R21090278

Ráðhús Reykjavíkur - Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Svar við fyrirspurn íbúaráðs Miðborgar og Hlíða um þátttöku í forvali fyrir Hverfið mitt

Á fundi íbúaráðs Miðborgar og Hlíða þann 28. september 2021 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn íbúaráðs Miðborgar og Hlíða um þátttöku í forvali fyrir Hverfið mitt, og vísað til umsagnar mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu sbr 15. liður fundargerðar ráðsins s.d.:

Íbúaráð óskar eftir að fá tölulegar upplýsingar um þátttöku í forvali á hugmyndum í kosningum í Hverfið mitt - fyrir Miðborg annars vegar og Hlíðar hins vegar.

Svar:

Á fundi mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs þann 7. júní 2021 fór fram kynning á stöðu mála í kjölfar uppstillingu kjörseðla fyrir íbúalýðræðisverkefnið Hverfið mitt. Í hjálagðri kynningu má sjá upplýsingar um þátttöku íbúa í uppstillingu kjörseðils.

Virðingarfyllt

Heimir Snær Guðmundsson
Starfsmaður íbúaráða Reykjavíkurborgar

Hjálagt:

Kynning í mannréttinda- nýsköpunar-, og lýðræðisráði

Kynning fyrir MNL



**HVERFIÐ
MITT**


Eiríkur Búi Halldórsson og
Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa
Reykjavíkurborgar

Samantekt

- Í ár voru **1.320** hugmyndir sendar inn í hugmyndasöfnunina
- Yfirferðar- og samráðsferli frá 21.janúar til 20. maí = 4 mánuðir.
- Hlutfall tækra hugmynda var **42,11%**, eða **556** af 1320 hugmyndum

Hverfi	Tækar hugmyndir	Ótækar hugmyndir
Vesturbær	49	87
Miðborg	42	93
Hlíðar	39	67
Laugardalur	51	98
Háaleiti og Bústaðir	81	102
Breiðholt	81	125
Árbær	69	59
Grafarvogur	70	83
Kjalarnes	36	25
Grafarholt og Úlfarsárdalur	38	25

Fjöldi hugmynda eftir flokkun



Yfirferðar- og samráðsferli



Umfangsmikið ferli

Yfirferðarfundirnir sjálfir fóru fram á 4 mánaða tímabili og tóku á bilinu 130-140 klukkustundir – auk vinnu sem átti sér stað milli funda. Yfir 20 manns komu að samráðsferlinu á einhverjum tíma.



Samtal

Leitað var allra leiða til að útfæra eða aðlaga hugmyndir í samráði við hugmyndahöfunda svo þær myndu falla betur að reglum verkefnisins og yrðu framkvæmanlegar. Hringt var í hugmyndahöfundi til að fá betri mynd af hugmynd ef þörf var á. Á bilinu 250-300 símtöl fóru fram á tímabilinu.




Allir hugmyndahöfundar fengu póst um stöðu hugmynda sinna nokkrum dögum fyrir uppstillingarfundinn og svo aftur þegar úrslit uppstillingar í öllum hverfum lágu fyrir.

Uppstilling



Uppstilling kjörseðla fór fram á opnum fundi hjá íbúaráðunum. Fundir auglýstir á Reykjavik.is, viðburðir á Facebook og gegnum íbúaráðsfulltrúa. (m.a. í hverfahópum á Facebook). Formlegur aukafundur hjá íbúaráðinu



Vinsælustu 5 tæku hugmyndirnar fóru sjálfkrafa á kjörseðil – valdar voru 20-25 hugmyndir á fundunum í hverju hverfi eftir stærð hverfanna og skiptingu fjármuna



Notuðum síðu Betri Reykjavíkur í uppstillinguna og hún opnaði nokkrum dögum fyrir fundinn þannig hægt var að skoða hugmyndirnar

Þátttaka í uppstillingu

Hverfi	Atkvæði	Meðalatkvæði	Þátttakendur	Þátttakendur 2019	Aukning í %
Vesturbær	696	9	72	16	350%
Miðborg	479	11	41	13	215%
Hlíðar	657	13	49	35	40%
Laugardalur	565	7	78	64	22%
Háaleiti og Bústaðir	1312	10	129	22	485%
Breiðholt	999	13	75	54	39%
Árbær	1631	11	137	7	1857%
Grafarvogur	1107	13	80	20	300%
Kjalarnes	227	12	18	Ekki valið	-
Grafarholt og Úlfarsárdalur	285	5	53	2	2550%

Hvernig gekk?



Tæknilega gekk mjög vel

Rafræna lausnin komin til að vera – efla þann þátt verkefnisins þannig að þetta verði stafrænt verkefni en ekki bara rafrænt



Handavinna verkefnisins er of mikil


Þátttaka ágæt í flestum hverfum og sumstaðar mjög góð



Íbúaráðin ekki einráð – blendin viðbrögð en flestir ánægðir


Minni hverfishlutarnir eiga erfiðara með að ná fram hugmyndum

Lærdómur – öðruvísi næst?



Hefði verið hægt að blanda uppstillingunni við almennan fund íbúaráða – aukafundir eru ekki nauðsynlegir.

Facebook lýðræði? Þjuggum til viðburði á Facebook þar sem upplýsingagjöf og kynningarstarf fór að mestu fram. Uppstillingunni var svo streymt á Facebook.



Gekk erfiðlega í fyrstu að „boost-a“ viðburðina útaf Facebook setur strangari kröfur á stjórnáttengdar auglýsingar og viðburði en áður



Ef á að kynna þennann hluta ferlisins þarf að áætla fjármuni í kynningarstarf. Kynning á hugmyndasöfnun og kosningunni vel fjármögnuð og virk. Spurning hvernig hægt er að búa til stemningu í kring um eitt skref til viðbótar í ferlinu ef það er þá æskilegt?